

EFTIRLITSSKÝRSLA

Akraneskaupstaður Akranesi



Dags eftirlits	5.11.2014	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Akraneskaupstaður	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili		Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	4101694449	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Enginn	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	354666,845 429304,361

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit var frágangi er ólokið á urðunarstað Akraneskaupstaðar að Berjadalsá, sem nú hefur verið lokað. Skv. lokunaráætlun átti að klára frágang á staðnum sumarið 2014. Við skoðun var urðunarrein enn opin og eitthvað af úrgangi ófrágengin og óbirgður.

Þann 11. desember sl. fékk Umhverfisstofnun tilkynningu um að frágangi á grófurðunarsvæði sé nú lokið og sýnatökubrunnar settir upp. Umhverfisstofnun stefnir á að gera lokaúttekt á staðnum á árinu 2015.

UMFANG EFTIRLITS

Komið var í fyrirvaralaust eftirlit að urðunarstað Akraneskaupstaðar að Berjadalsá til að skoða ástand staðarins, hvort urðun væri hætt og frágangi lokið. Gengið var um staðinn og nokkrar myndir teknar.

Ekki voru ummerki um að staðurinn hefði verið í notkun síðastliðið ár. Urðunarrein stóð þó enn opin og nokkrir haugar af ófrágengnum óvirkum úrgangi voru á staðnum. Aðgengi að staðnum var takmarkað með læstu hliði.

Frávik frá

Ákvæði 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun fyrir urðunarstaðinn að berjadalsá, um frágang urðunarstaðarins.

Lýsing á fráviki

Rekstraraðili skal haga frágangi á urðunarstaðnum í samræmi við ráðstafanir sem kynntar er í lokunaráætlun sem lögð var fram 28. júní 2013. Engin ummerki sáust um lokafrágang. Urðunarrein stóð opin og ófrágengin úrgangur var á staðnum.

Umhverfisstofnun fékk tilkynningu þann 11. desember s.l. að frágangi á staðnum sé nú lokið.

Ákv. 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun fyrir urðunarstaðinn að Berjadalsá, um mælingaáætlun

Rekstraraðili skal vakta grunnvatn og yfirborðsvatn skv. mælingaáætlun sem fyrirskrifuð er í fyrirmælunum. Engar mæliniðurstöður hafa borist Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun fékk tilkynningu þann 11. desember s.l. að sýnatökubrunnar hafi verið boraðir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands fengið til að taka sýni. Niðurstöður eru væntanlegar vorið 2015.

Reykjavík, 16.12.2014

Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.